



Reykjavík 11.01.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík

Lögð fram verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. janúar 2018 vegna breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýs deiliskipulags fyrir efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík .

Lýsing á skipulagsgerð samþykkt til kynningar og umsagna, sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. sbr. einnig lög um umhverfismat áætlana. Verklýsing verði send á eftirfarandi aðila: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hverfisráð Grafarvogs, hverfisráð Kjalarness, íbúasamtök Kjalarness, Mosfellsbæ, íbúasamtök Leirvogstungu, Kópavogsbæ, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Kjósarhrepp, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Minjastofnun Íslands, Faxaflóahafna, Sorpu, Vegagerðina, Samgöngustofu. Orkustofnun, Veðurstofuna, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veitur og Borgarsögusafn.

Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur Vísað til borgarráðs.

Kl. 9:24 tekur Sigurborg Ó. Haraldsdóttir sæti á fundinum.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: verklýsing umhverfis- og skipulagssviðs dags. janúar 2018

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR

2010-2030

Breyting nr.24

DEILISKIPULAG

Efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík

Iðnaðarsvæði fyrir ómenguð jarðefni, landfylling og höfn

Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats

Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Janúar 2017

Efnisyfirlit


1	Inngangur. Aðdragandi og tilgangur.....	3
2	Þörf fyrir nýtt efnisvinnslusvæði. Forsendur breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags	5
3	Aðalskipulag– atriði sem breyting nær til.....	6
4	Deiliskipulag– atriði sem tillaga nær til	6
5	Umhverfismat.....	7
5.1	Matsskylda.....	7
5.2	Nálgun matsvinnu.....	7
5.3	Umhverfis- og áhrifapættir vegna breytingar á aðalskipulagi og vinnslu deiliskipulags	7
5.4	Valkostir.....	8
5.5	Mat á vægi áhrifa.....	8
5.6	Gögn, matsspurningar og viðmið	10
5.7	Tengsl við aðrar áætlanir.....	12
6	Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.....	12
7	Samráð og kynningar	12
8	Umsagnaraðilar	13
9	Heimildir	13

Lýsing endurauglýst í janúar 2018 en var áður kynnt í nóvember 2017. Breytingar frá fyrri útgáfu eru skáletraðar og grálitaðar.


1 Inngangur. Aðdragandi og tilgangur.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030) er sett fram sú stefna að Björgun ehf. flytji frá athafnasvæði sínu við Sævarhöfða. Samkvæmt skipulaginu átti sá flutningur að eiga sér stað eigi síðar en 2016 en skv. samkomulagi milli Björgunar og Faxaflóahafna skal fyrirtækið vera búið að losa núverandi vinnusvæði sitt við Sævarhöfða þann 31. maí 2019. Þegar aðalskipulagið var samþykkt var ekki ljóst hvert Björgun gæti flutt starfsemi sína innan Reykjavíkur en lagt var til að hún yrði flutt á nýtt hafnar- og iðnaðarsvæði á Álfsnesi eða á viðeigandi svæði utan Reykjavíkur. Við nánari skoðun hefur komið í ljós að þetta nýja hafnar- og iðnaðarsvæði á Álfsnesi hentar illa fyrir starfsemi Björgunar. Þar eru 15-20 m sjávarhamrar og til að móta landssvæði, sem væri hentugt fyrir starfsemi Björgunar, þyrfti að vinna landfyllingar og sprengja úr sjávarhömrunum, auk þess sem leysa þyrfti veltengingar með umtalsverðu umhverfiskröfum. Þá vinna óhagstæðar veðurfarslegar aðstæður einnig á móti þessari staðsetningu t.d. vegna foks og ölduhæðar. Því hefur verið leitað að annarri staðsetningu fyrir starfseminna.

Haustið 2016 óskaði Björgun eftir því við Reykjavíkurborg að það yrði skoðað hvort fyrirtækið gæti fengið lóð á Gunnunesi á Álfsnesi. Í umsögn frá umhverfis- og skipulagssviði var fyrirtækinu beint að svæði innar við Álfsnesvík, til að hlífa minjum sem eru þar utar, og bent á að ítarleg skoðun þyrfti að fara fram áður en ákvörðun um að fara í skipulagsbreytingu, gæti legið fyrir. *Sú athugun hefur verið í vinnslu og liggja nú fyrir drög að greinargerð með kostamati þar sem sex mismunandi staðir innan Reykjavíkur eru skoðaðir fyrir Björgun, auk þess sem gerð er grein fyrir helstu umhverfisáhrifum sem kunna að verða ef starfsemin fær heimild til að koma sér fyrir við ströndina við Álfsnesvík við Þerneyjarsund. Af þeim stöðum sem hafa verið skoðaðir virðist staðsetning við Álfsnesvík fela í sér skynsamlega málamiðlun, og við skoðun á umhverfispáttum hefur ekkert afgerandi komið í ljós sem kemur í veg fyrir að Álfsnesvík geti talist ágætur kostur fyrir framtíðarstaðsetningu Björgunar.*



1. mynd. Núverandi starfssvæði Björgunar við Sævarhöfða (rautt) og sex mögulegar staðsetningar til framtíðar innan Reykjavíkur. Rauð ör bendir á Álfsnesvík á Álfsnesi sem er talin álitlegasti kosturinn samkvæmt fyrirliggjandi drögum að kostamati.



2. mynd. Staðsetning til skoðunar fyrir efnisvinnslusvæði við Álfnesvík við Þerneyjarsund á Álfnesi (1) og áður ráðgerð staðsetning efnisvinnslusvæðisins við Kollafjörð (2) skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Svæðið við Álfnesvík er í aðalskipulagi Reykjavíkur skilgreint sem opið svæði og er Sundabraut áformuð í jaðri svæðisins. Handan Sundabrautar er annars vegar landbúnaðarsvæði í landi Víðiness og norðaustur af svæðinu er urðunarstaður Sorpu. Þerney, sem er handan við Þerneyjarsund, er hverfisvernduð og á náttúruminjaskrá eins og fleiri eyjar á sundunum. Eyjarnar eru lágar og grónar og í næsta nágrenni við þéttbýli með varpstöðvum allmargra fuglategunda, eins og segir í náttúruminjaskrá. Sýnileiki svæðisins er mestur frá svæðinu sjálfu og af sjó, en landslag og fjarlægðir draga úr sjónrænum áhrifum frá íbúðahverfum í Mosfellsbæ og Reykjavík. Vinna má með sjónræn áhrif á landi en erfiðara að gera slíkt sjávarmegin. Lítið er um að svæðið sé nýtt til útivistar en gert er ráð fyrir gönguleið eftir ströndinni í aðalskipulagi. Svæðið er lítið raskað utan þeirra minja sem eru eftir búskap og útræði. Svæðið við ströndina er ávalt og rís landið upp í átt að Glóruholti til austurs, í áttina að Mosfellsbæ.

Vegna áforma um landfyllingu sem mögulega verður stærri en 50.000 m² og viðlegubryggju þar sem skip stærri en 1.350 tonn geta lagst að til losunar og lestunar, eins og á við um stærsta dæluskip Björgunar, er breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Því inniheldur þessi verkefnislýsing einnig matslýsingu. Við mótun aðalskipulagstillögunnar og í umhverfismati verða bornar saman þær staðsetningar sem hafa verið til skoðunar, auk valkosta sem ábendingar koma um í vinnsluferlinu.

Samhliða breytingu á aðalskipulaginu er unnin breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, varðandi vaxtarmörk þéttbýlis (sjá kafla 6).¹ Í tengslum við væntanlega svæðisskipulagsbreytingu

¹ Samanber umsögn Skipulagsstofnunar, dagsett 24. nóvember 2017, um fyrri útgáfu verklýsingar.

verður gerð úttekt á landþörf iðnaðar- og athafnasvæða á höfuðborgarsvæðinu öllu. Við þá úttekt geta komið fram nýir valkostir sem verða skoðaðir í umhverfismati svæðisskipulagsbreytingar.

Gert er ráð fyrir því að samhliða breytingu á aðalskipulagi verði unnin tillaga að deiliskipulagi fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar þar sem landnotkun er skilgreind frekar s.s. fyrirkomulag mannvirkja, höfn, landslagsmótun og tengingar við grunnkerfi. Í deiliskipulagi verður sett fram umhverfisskýrsla sem gerir grein fyrir mati á áhrifum mismunandi valkosta í fyrirkomulagi svæðisins á umhverfið. Samhliða skipulagsferli fyrir svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag verður unnið mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, sbr. lög nr. 106/2000 sem mun byggja á niðurstöðu kostamats úr skipulagsferlinu.

2 Þörf fyrir nýtt efnisvinnslusvæði. Forsendur breytingar á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags

Tilfni aðalskipulagsbreytingar er ósk Björgunar um lóð fyrir starfsemi sína við Álfsnesvík á Álfsnesi en fyrirtækið þarf að flytja starfsemi sína frá Sævarhöfða fyrir 31. maí 2019. Að mati Björgunar er tímabært að hefja undirbúning nú en verkefnið hefur verið undirbúið í samvinnu við skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Fyrirtækið hefur haft til umráða um 7,5 ha lands við Sævarhöfða (sjá mynd) þar sem náttúruleg jarðefni úr námum á hafsbotni hefur verið landað, hreinsað, malað og flokkað til margvíslegarar notkunar, m.a. í steypu. Ný staðsetning þarf að vera við sjó og bjóða upp á jafn stórt athafnasvæði fyrir starfsemi fyrirtækisins og verið hefur.

Síðustu áratugi hefur fyrirtækið aflað efnis af hafsbotni sem síðan er flutt til frekari vinnslu á núverandi athafnasvæði félagsins við Ártúnshöfða í Reykjavík. Þar fer fram framleiðsla fylliefna í steinsteypu og malbik auk ýmiss konar fyllingarefnis til mannvirkjagerðar. Þá hefur félagið séð um landfyllingar og dýpkunarframkvæmdir víða um land. Björgun á tvö dæluskip, Sóley og Perlu, tvo gröfupramma og tvo efnisflutningapramma.



2. mynd. Athafnasvæði Björgunar er fyrir miðri mynd. Austan athafnasvæðisins er bryggjuhverfið við Gullinbrú. Athafnasvæðið er um 7,5 ha með fremur frumstæðri viðlegu fyrir sanddæluskip en efninu er dælt frá borði inn á svæðið. Þar er það skolað með ferskvatni úr Elliðaáam og flokkað eftir gerð og kornastærð.

Starfsemi Björgunar felst einkum í flutningi og vinnslu náttúrulegra jarðefna. Því er ekki um mengandi iðnaðarstarfsemi að ræða. Engu að síður er hér um að ræða starfsemi sem helst á heima á iðnaðarvæði, sbr. skipulagsreglugerð. Gert er því ráð fyrir að svæðið verði skilgreint sem iðnaðarsvæði, með sérskilmálum sem lúta að sérstöðu starfseminnar.

Markmið með breytingu á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags:

- Að geta boðið upp á efnisvinnslusvæði með viðlegukanti, þar sem landað er náttúrulegum efnum af hafsbotni.
- Að bjóða land fyrir efnisvinnslusvæði vegna mannvirkjagerðar sem næst þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Stuttar akstursvegalengdir leiða til minni útblásturs gróðurhúsalofttegunda og minna slits á vegum.
- Að bjóða upp á svæði fyrir fyrirtæki sem hefur verið í rekstri í Reykjavík en þarf að flytja út fyrir þéttbýlið vegna nýrrar byggðar á þettingarsvæðum.

3 Aðalskipulag– atriði sem breyting nær til

Eftirfarandi atriði verða tekin til skoðunar í væntanlegri breytingartillögu:

- Sveitarfélagsuppdráttur. Breyting á uppdrætti þar sem afmarkað verður svæði sem *hentar starfsemi Björgunar*, fyrir losun, haugsetningu og vinnslu jarðefna sem eru hrein og ómengduð.
- Í greinargerð aðalskipulagsins verður bætt við umfjöllun um *nýtt vinnslusvæði Björgunar í kaflanum Skapandi Borg*. Á svæðinu þarf að vera höfn sem getur tekið á móti sanddæluskipum og efnisflutningaprómmum og skipum. Settir verða skilmálar m.a. um yfirbragð og ásjúnd svæðisins.

4 Deiliskipulag– atriði sem tillaga nær til

Gerð verður tillaga að nýju deiliskipulagi þar sem tilhögun innan vinnslusvæðisins verður tilgreind nánar, ásamt öðrum þáttum sem taka þarf á skv. skipulagsreglugerð. Gerð verður grein fyrir breytingum á landi vegna varnargarða, landfyllinga, efnislosunar og efnistöku, umfangi svæðisins, áfangaskiptingu og tímaáætlun, efnismagni sem fjarlæggt verður, fært til eða bætt er við. Þá verður gerð grein fyrir landmótun og frágangi að framkvæmdatíma liðnum. Skipulagsákvæði munu einkum snúast um stærð, staðsetningu og yfirbragði mannvirkja, aðkomu, losun og aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum. Sýnt verður fyrirkomulag hafnaraðstöðu.

5 Umhverfismat

5.1 Matsskylda

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Samkvæmt lögnum skal vinna umhverfismat fyrir áætlun ef hún markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Í þessu tilfelli eru það einkum eftirtaldir stafliðir í 1. viðauka sem kalla á mat á umhverfisáhrifum:

2.01: Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m³ eða meira.

10.12: Viðlegubryggjur (að undanskildum ferjulægjum) sem tengdar eru við land og eru utan hafna, þar sem skip stærri en 1.350 tonn geta lagst að til losunar og lestunar.

5.2 Nálgun matsvinnu

Matið fer fram samhliða mótun tillagna um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og um nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði Björgunar. Í matinu mun koma fram hvort tiltekin umhverfisáhrif breytingarinnar geti talist vera verulega neikvæð og verður þá brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum.

Í umfjöllun um valkosti fyrir **aðalskipulags**breytinguna verður stuðst við kostamat sem unnið er að fyrir nýtt athafnasvæði fyrir Björgun.² Þar var lagt mat á þá umhverfisþætti sem helst voru taldir geta orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar starfsemi á grunni fyrirbyggjandi upplýsinga um starfsemina auk þess sem litið var til aðstæðna fyrir starfsemi Björgunar á viðkomandi stað og samspil við umhverfið.

Litið hefur verið til allra umhverfisþátta sem fram komu í umhverfismati aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og vinsaðir út þeir þættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna breyttrar stefnu í **aðalskipulagi** og þeirrar framkvæmdar sem fram kemur í **deiliskipulagi** (sjá töflu 5.1).

Umhverfismatið, ásamt niðurstöðu, verður sett fram í umhverfisskýrslu sem verður hluti af greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar og hluti af deiliskipulagi.

5.3 Umhverfis- og áhrifþættir vegna breytingar á aðalskipulagi og vinnslu deiliskipulags

Nýtt efnisvinnslusvæði við Álfnesvík kann að hafa áhrif á ýmsa umhverfisþætti, bæði jákvæð og neikvæð. Í töflu 5.1. er gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum en nákvæmni umfjöllunarinnar á hvoru skipulagsstigi mun endurspeglar stigskiptingu skipulagsáætlana.

Í umhverfismati áætlana fyrir **aðalskipulagið** verða áhrif á umhverfisþætti metnir út frá áhrifum á staðinn sem valinn er fyrir starfsemina. Mat á á áhrifum á umhverfið í **deiliskipulagi** mun einkum ná til þeirra þátta sem afmörkun og innri tilhögun á hefur áhrif á, að gefnum þeim stað sem tilgreindur er í tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

² Drög: Alta, 2017. Nýtt athafnasvæði Björgunar. Kostamat. Unnið fyrir Björgun ehf og Reykjavíkurborg.

Tafla 5.1 Yfirlit yfir umhverfis- og áhrifabætti

Umhverfisþáttur	Áhrifabáttur
1. Náttúrufar	
1.1 Lífríki	Að taka nýtt landssvæði undir byggð kann að hafa bein eða óbein áhrif á lífríki. Gerð landfyllingar kann að hafa bein áhrif á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar.
1.2 Sjór og strandlengja	Ný landfylling er líkleg til að hafa áhrif á strandlengju og sjó. Bein áhrif á strandlengju verða vegna mannvirkjagerðar og á strandsjó vegna afrennslis af svæðinu.
2. Loftgæði	
2.1 Loftgæði	Breytingin kann að hafa áhrif á loftgæði vegna aukinnar umferðar til og frá svæðinu.
2.2 Losun gróðurhúsalofttegunda	Breytingin kann að hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.
3. Samfélag	
3.1 Samgöngur	Breytingin hefur áhrif á akstursvegalemdir vegna atvinnustarfseminnar.
3.2 Lýðheilsa	Áhrif á heilsu geta mögulega orðið vegna mengunar og útblásturs frá umferð.
3.3 Fornminjar	Breytt stefna kann að hafa áhrif á menningarminjar.
3.4 Öryggi	Athuga þarf stöðu vegna svæðisins vegna náttúruvár og þá fyrst og fremst gagnvart sjávarstöðu.
4. Auðlindir	
4.1 Landrými	Efnisvinnslusvæðið hefur bein áhrif á landrými sem fer undir það og innviði því tengdu.
4.2 Verndarsvæði	Efnisvinnslusvæðið kann að hafa áhrif á verndarsvæði.
4.3 Útivistarsvæði	Efnisvinnslusvæðið kann að hafa áhrif á útivistarsvæði og aðgengi að útivistarsvæðum.
4.4 Jarðefnanotkun	Landfylling kallar á notkun jarðefna.
4.5 Landslag/ásýnd	Breyting verður á ásýnd landsins.

5.4 Valkostir

Að minnsta kosti sjö valkostir verða bornir saman í umhverfismati tillögunnar að breytingu á aðalskipulagi, þar sem núllkostur felur í sér að Björgun haldi áfram starfsemi sinni við Sævarhöfða. Valkostir sem hafa þegar verið skoðaðir eru Álfsnesvík á Álfsnesi, Gufunes, Sundahöfn, Geldinganes, við Álfsnesbæinn og á Álfsnesi við Kollafjörð (sjá mynd 1.), en allir þessir kostir hafa komið til tals á síðustu árum. Vinnsla svæðis- og aðalskipulagsbreytinga geta leitt í ljós nýja kosti sem verða skoðaðir í umhverfismatinu.

Í umhverfismati **deiliskipulagstillögunnar** verða einkum bornir saman valkostir um stærð og staðsetningu byggingarreita innan svæðisins með hliðsjón af áhrifum á nærumhverfi, t.d. vegna hávaða, yfirbragðs, lýsingar og áhrifa á búsvæði, gróðurfar, minjar, landslag og annarra áhrifa á nærsvæði.

5.5 Mat á vægi áhrifa

Í umhverfismatinu verður stuðst við einkunnir við mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar, valkosta og einstökum þáttum hennar. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005).

Tafla 5.2 Skýringar á hugtökum sem notuð eru til að meta áhrif á hvern umhverfispátt

Einkunn	Skýring
Mjög Jákvæð	Veruleg jákvæð breyting á einkennum umhverfispáttar. Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks. Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.). Áhrifin auka verndargildi umhverfispáttar verulega. Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.
Jákvæð	Jákvæð breyting á einkennum umhverfispáttar. Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. Áhrifin auka verndargildi umhverfispáttar. Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.). Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.
Óveruleg neikvæð	Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfispáttar. Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítils fjölda fólks. Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfispáttar. Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.). Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.
Neikvæð	Breyting á einkennum umhverfispáttar. Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. Áhrifin rýra verndargildi umhverfispáttar. Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.). Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.
Mjög neikvæð	Veruleg breyting á einkennum umhverfispáttar. Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks. Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum (s.s. um hljóðvist, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 o.s.frv.). Áhrifin rýra verndargildi umhverfispáttar verulega. Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.
Óvissa	Óvissa og þ.a.l. ekki hægt að fullyrða um áhrif. Skortur á upplýsingum, óvissa ríkir um hvort/hvernig breyting muni ná fram að ganga, óvissa um hvaða aðgerðir áætlun mun hafa í för með sér.
Engin áhrif / á ekki við	Engin áhrif / á ekki við

5.6 Gögn, matsspurningar og viðmið

Tengt hverjum umhverfispætti er litið til matsspurninga og viðmiða sem sett voru fram í matslýsingu fyrir aðalskipulag Reykjavíkur. Viðmið sem höfð eru til hliðsjónar eru m.a. stefna Reykjavíkurborgar, lög og reglugerðir og stefna stjórnvalda.

Tafla 5.3 Umhverfispættir, gögn, matsspurningar og viðmið

Umhverfispáttur	Upplýsingar	Matsspurningar	Viðmið
1. Náttúrufar		Hefur áætlun áhrif á:	
1.1 Lífríki	Fyrirliggjandi gögn um lífríki, rannóknir og kortlagning Verndarsvæði	▶ Vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd? ▶ Fugla og gróðurfélög sem eru friðlýst eða á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Velferð til framtíðar (2002). Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Líffræðileg fjölbreytni. Stefna Reykjavíkurborgar (2015).
1.2 Sjór og strandlengja	Upplýsingar úr AR 2010-2030	▶ Náttúrulega lögun strandlengjunnar? ▶ Ásýnd svæða?	Stefnumið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um grænu borgina.
2. Loftgæði			
2.1 Loftgæði	Upplýsingar um loftgæði á mælistöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Gögn aðgengileg hjá Umhverfisstofnun. Umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið	▶ Loftgæði? ▶ Fjölda daga sem magn svifryks fer yfir heilsuverndarmörk?	Stefnumið aðalskipulagsins Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.
2.2 Losun gróðurhúsalofttegunda	Útreikningar Umhverfisstofnunar á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi (fyrir Umhverfisráðuneytið)	▶ Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum?	Stefnumið Aðalskipulagsins 2010-2030 um grænu borgina. Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar (2016).
3. Samfélag			
3.1 Samgöngur	Upplýsingar úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 Umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið Vegagerðin, umferðartölur.	▶ Umferð á nærliggjandi vegum og um byggð?	Stefnumið Aðalskipulagsins 2010-2030 um vistvænar samgöngur Stefnumið Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040.
3.2 Lýðheilsa	Umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið	▶ Er líklegt að umferðarhávaði fyrir yfir mörk við íbúðabyggð 55 dB(A)	Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.

	Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða Kortlagning umferðarhávaða á stofnbrautum á höfuðborgarsvæðinu skv. reglugerð nr. 1000/2005. Gögn aðgengileg hjá Umhverfisstofnun. Gögn Umhverfisstofnunar um loftgæði á mælistöðvum á höfuðborgarsvæðinu.	og útivistarsvæði/kyrrlát svæði 45 dB(A) ► Er líklegt að loftgæði við íbúðabyggð og útivistarsvæði/kyrrlát svæði fari yfir sólarhringsheilsuverndarmörk á svífryki ($50\mu/m^3$) eða öðrum efni sum tilgreind eru í reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði?	Aðgerðaáætlun gegn hávaða (2014). Reglugerð 724/2008 um hávaða Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði
3.3 Fornminjar	Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 Minjaskráning.	► Menningarminjar? ► Búsetu/menningarlandslag?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
3.4 Öryggi	Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030	► Stafar hættu vegna breyttrar sjávarstöðu eða sjávarflóða? ► Eru skilgreindar mótvægisáðgerðir vegna hækkandi sjávarstöðu?	Loftslagsstefna Reykjavíkur (2016) Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum (2010).
4. Auðlindir			
4.1 Landrými	Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030	► Nýtingu landrýmis?	Velferð til framtíðar. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 Höfuðborgarsvæðið 2040
4.2 Verndarsvæði	Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins (græni trefilinn, vatnsvernd o.fl.) Friðuð svæði, Umhverfisstofnun Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2009-2013	► Stærð verndarsvæða? ► Gæði/eðli verndarsvæða?	Skilmálar friðaðra verndarsvæða. Svæði á Náttúruminjaskrá Stefnumið ASKR
4.3 Útivistarsvæði	Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 Höfuðborgarsvæðið 2040	► Hefur áætlunin áhrif á notkun og aðgengi að útivistarsvæðum?	Stefnumið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um útivistarsvæði Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040
4.4 Jarðefnanotkun	Umfang landfyllinga Efnistökusvæði	► Þarf að afla leyfa á nýjum efnistökusvæðum vegna áætlunarinnar?	Stefnumið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um efnistöku. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040
4.5 Landslag/ásýnd	Umfang raskaðs svæðis	► Er gengið á gæði náttúru og landslags innan borgarinnar og nærri heimilum borgarbúa?	Stefnumið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um grænu borgina

5.7 Tengsl við aðrar áætlanir

Við móttöku breytingartillögu fyrir aðalskipulagið og nýs deiliskipulags verður gerð grein fyrir samræmi tillagnanna við eftirfarandi áætlanir:

- Landsskipulagsstefnu
- Aðalskipulag Reykjavíkur
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040
- Velferð til framtíðar – Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020
- Náttúruuminjaskrá (skv. lögum nr. 44/1999)
- Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar

6 Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er ekki mörkuð sérstök stefna um iðnaðar- og efnisvinnsluvæði eða aðra landfreka atvinnustarfsemi, en sveitarfélögunum er látið eftir það hlutverk að leita hagkvæmra lausna í slíku málum í samstarfi við nágrannabyggðir. Líta verður svo á, að slík starfsemi eigu að jafnaði heima innan skilgreindra vaxtarmarka svæðisskipulagsins. Sá staðarvalkostur sem er talin álitlegastur fyrir starfsemi Björgunar er utan vaxtarmarka svæðisskipulagsins. Boðuð breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur kallar því að jafnframt á að unnin verði breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins varðandi umrædd vaxtarmörk.

7 Samráð og kynningar

Stefnt er að því að breyting á aðalskipulaginu verði staðfest fyrir mitt ár 2018. Gerð tillagnanna, kynning og samráð fer eftir ákvæðum í 7. og 8. kafla skipulagslaga um gerð aðalskipulags- og deiliskipulagsáætlana, auk viðeigandi ákvæða í lögum um umhverfismat áætlana:

- Sameiginleg verkefnislýsing með matslýsingu (þetta skjal) verður kynnt og lögð fram til umsagnar í janúar 2018. Lýsingin verður send til umsagnaraðila og gerð aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar. Vakin verður athygli á henni með auglýsingu í fjölmiðli.
- Drög að tillögu að aðalskipulagsbreytingu og að nýju deiliskipulagi verða kynnt í mars-apríl 2018. Drögin verða send til umsagnaraðila og óskað eftir umsögn innan 2 vikna. Drögin verða gerð aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, vakin verður athygli á þeim með auglýsingu í fjölmiðli og á kynningarfundi.
- Að lokinni kynningu og frekari vinnslu tillagnanna samþykkir sveitarstjórn að senda Skipulagsstofnun aðalskipulagsbreytinguna til athugunar fyrir auglýsingu.
- Að lokinni athugun Skipulagsstofnunar á tillögu að aðalskipulagi er gert ráð fyrir að tillögurnar verði samþykktar, ásamt umhverfisskýrslu í auglýsingu í júlí-ágúst 2018 og þær verði verði auglýstar opinberlega í framhaldi af því. Tillögurnar verða gerðar aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar og athygli vakin á þeim með auglýsingu í fjölmiðli.
- Að loknum athugasemdafresti verða tillögurnar teknar fyrir í bæjarstjórn og samþykktar tillögur sendar til Skipulagsstofnunar.

8 Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hverfisráð Grafarvogs, hverfisráð Kjalarness, íbúasamtök Kjalarness, Mosfellsbær, íbúasamtök Leirvogstungu, Kópavogsbær, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Kjósarhreppur, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Minjastofnun Íslands, Faxaflóahafnir, Sorpa, Vegagerðin, Samgöngustofa. Orkustofnun, Veðurstofan, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veitur og Borgarsögusafn.

9 Heimildir

Alta, 2017. *Nýtt athafnasvæði Björgunar. Kostamat. Unnið fyrir Björgun ehf. og Reykjavíkurborg./Óútgefið, er í drögum.*

Reykjavíkurborg, 2015. Líffræðileg fjölbreytni. Stefna Reykjavíkurborgar. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg og Vegagerðin, 2014. Aðgerðaráætlun gegn hávaða.

Reykjavíkurborg, 2016. Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg. 2013. *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.*

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH. 2014. Höfuðborgarsvæðið 2040. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

Skipulagsstofnun, 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Umhverfisráðuneytið, 2002. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Reykjavík: Umhverfisráðuneytið.

Umhverfisráðuneytið, 2010. Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.

Umhverfisstofnun. Náttúruuminjaskrá.